

# Auðarskóli



*Ábyrgð- Ánægja- Árangur*

## Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla 2010 – 2015

Próunarstjórn september 2010

*Björt Þorleifsdóttir*

*Eyjólfur Sturlaugsson*

*Herdís Gunnarsdóttir*

*Freyja Ólafsdóttir*

## Inngangur

Í þessari fyrstu sjálfsmatsáætlun Auðarskóla er greint frá því hvernig innra mati skólans verður háttað næstu fimm árin. Áætlunin er unnin af þróunarstjórn skólans á grunni forgangsröðunar, sem starfsfólk skólans vann í september 2010. Áætlunin er samhljóma, hvað efnistöð varðar, fyrir leik- og grunnskólann.

Þessari fimm ára áætlun fylgir einnig útfærsla á sjálfsmati þeirra þátta sem meta á fyrsta skólaárið; þ.e. skólárið 2010 – 2011. Þróunarstjórn ætlar að á vordögum verði niðururstaða úr þeim matsþáttum ljós og verður í kjölfarið gefin út áfangaskýrsla.

Þróunarstjórn skólans skipa: Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri, Freyja Ólafsdóttir grunnskólakennari, Björt Þorleifsdóttir deildarstjóri á leikskóla og Herdís Gunnarsdóttir grunnskólakennari.

## 1 Um skólann

Auðarskóli hefur verið starfræktur frá 1. ágúst 2009, en þá voru allar skólastofnanir í sveitarfélaginu Dalabyggð sameinaðar. Undir Auðarskóla falla leikskóli, tónlistarskóli og grunnskóli. Skólinn er samrekin skóli og byggist á nýjum lögum um leik- og grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008, en þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leik-, grunn- og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Áður hétu stofnanirnar: Grunnskólinn í Búðardal, Grunnskólinn í Tjarnarlundi, Tónlistarskóli Dalasýslu og Leikskólinn Vinabær. Með þessu var komið til móts við óskir sveitarfélaga sem sum hver höfðu átt í erfiðleikum með að fá fagmenntaða starfsmenn og stjórnendur til starfa eða sáu hagræðingarmöguleika felast í því að fækka í yfirstjórn í skólum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið Dalabyggð nýtti sér þennan möguleika og er eitt af 8 sveitarfélögum á landinu sem reka saman leik-, grunn- og tónlistarskóla í einni heild.

Árið 1994 varð til sveitafélagið Dalabyggð við sameiningu 6 hreppa, að viðbættum Skógarstrandahreppi árið 1998 og síðan Saurbæjarhreppi árið 2005. Í sýslunni er því aðeins eitt sveitarfélag. Dalasýsla er með blómlegustu landbúnaðarhéruðum landsins og er landbúnaður aðalvinnugrein íbúa. Íbúar eru um 700 talsins og í Búðardal búa um 250 manns.

Skólinn starfar á tveimur stöðum í sýslunni; aðalstöðvar eru í Búðardal og skólaútibú í Saurbæ sem er um 35 km norður af Búðardal. Í Auðarskóla eru fjórar deildir: Leikskóladeild með 35 nemendur, tvær deildir grunnskóla með 93 nemendur og ein tónlistardeild með um 40 nemendur. Deildirnar eru allar í aðskildu húsnæði.

Í Auðarskóla er eftirfarandi einkunnarorð notuð sem leiðarljós í öllu skólastarfi: **Ábyrgð – Ánægja - Árangur**. Mikið er um samkennslu árganga og á skólaárinu 2010 – 2011 er samkennslu haldið uppi í 1.-2. bekkja, 3.-4. bekkja og 7.-8. bekkja í grunnskóladeildinni í Búðardal en í Tjarnarlundi er kennt í samkennsla eftir skólastigunum, yngsta stig, miðstig og efsta stig.

Sund- og íþróttakennsla fer fram að Laugum, Sælingsdal en þangað eru um 24 km úr Búðardal og um 20 km úr Tjarnarlundi. Skólabílstjóri sér um að keyra nemendur í íþróttir og sund og fer hver árgangur tvisvar í viku í íþróttir eða sund. Þar eru íþróttamannvirki og sundlaug sem áður tilheyrðu heimavistar skólanum á Laugum.

## 2 Um sjálfsmat

Um sjálfsmat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum(lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr.90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu samkvæmt lögum.

Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og þarf að vera langtímamiðað.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Menntamálaráðuneytið sér um að framkvæma úttekt á sjálfsmati hvers skóla á fimm ára fresti. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Auðarskóla verður innra starf skólans metið með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á. Með stjálfsmatinu er starfsfólki skólans skapaður vettvangur til að auðvelda vinnu að umbótum, upplýsa yfirvöld og almenning um starfið. Leitast er við að beita fjölbreyttum rannsóknaraðferðum við sjálfsmatið, bæði megindegum og eiginlegum. Bæði verður upplýsinga aflað á kerfisbundinn hátt og formleg gögn, sem snúa að skólastarfinu, skoðuð.

### 3 Aðferðarfræðin

Sjálfsmat Auðarskóla verður byggt á blandaðri aðferðafræði, þ.e. verður byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Við gagnaöflun verður mikil áhersla lögð á að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Við gagnaöflun í sjálfsmatsferlinu er gert ráð fyrir því að Auðarskóli geti að hluta nýtt sér gögn úr ytra mati, s.s. niðurstöður samræmdra prófa, mætingaskráningar og önnur opinber og skráð gögn. Skólinn mun þó einnig meta starf sitt með öðrum hætti og afla gagna á eigin hátt, m.a. með viðhorfskönnunum sem ná til allra aðila er tengjast starfsemi skólans. Tvisvar sinnum á hverjum vetri eru lagðir fyrir kannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur eftir atvikum. Allt starfsfólk skólans fer í starfsmannasamtöl hjá stjórnendum skólans og verður reynt að tengja starfsmannaviðtölin sjálfsmatsþáttum skólans hverju sinni.

Aðferðarfræðin byggir á nokkrum þrepum, sem fylgt er við sjálfsmatið og úrvinnslu þess. A) Fyrst setur skólinn sér stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki hans. B) Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig skólanum gangi að ná settum markmiðum og útbúnar eru grunnsurningar sem ætlað er að fá svör við í sjálfsmatinu. C) Þá fer fram mat á hinum ýmsu þáttum skólastarfsins samkvæmt 5 ára sjálfsmatsáætlun, með tilheyrandi gagnaöflun. D) Eftir að mælingar á tilteknum þáttum hafa farið fram er í kjölfarið unnið að aðgerðum til að bæta skólastarfið og er þá byggt á greiningum á veikum og sterkum hliðum skólastarfsins. E) Að lokum eru sett ný markmið, mælikvarðar endurskoðaðir og mælingar endurteknar.

#### 4 Sjálfsmatsáætlun 2010 – 2015

Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla nær yfir fimm ár. Við ákvörðun þess hvaða þætti ætti að hefja sjálfsmat á var leitað til alls starfsfólks Auðarskóla. Starfsfólkið forgangsraðaði á fundum þeim þáttum sem þeim fannst mikilvægast að meta. Byggt er alfarið á niðurstöðu af þessum fundum. Almennt er áætlað að mæla tvö til þrjú viðfangsefni á hverju skólaári ásamt endurmati á þáttum í kjölfar umbóta, sem framkvæmdar hafa verið í kjölfar fyrri matsniðurstaðna.

Viðfangsefni sjálfsmats	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	x				
Starfsfólk líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	x				
Skólanámskrá.		x			
Starfsskipulag.		x			
Nám og námsárangur / Leikur			x		
Aðbúnaður			x		
Samstarf heimila og skóla.				x	
Viðmót og menning.				x	
Ytri tengsl.				x	
Starfsáætlun.					x
Stjórnun.					x
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf.					x

5. Framkvæmdaáætlun 2010 – 2011

Viðfangsefni sjálfsmats	Tími/Viðfangsefni sjálfsmats	Framkvæmd/ úrvinnsla	Kynning og umbótaáætlun	Skýrsluskil
Nemendur og starfsfólk - líðan, þarfir.	<u>Nóvember 2010</u> - <i>Könnun á líðan nemenda og starfsfólks.</i>	<u>Nóvember - Desember 2010.</u> <i>Úrvinnsla kannanna og gagnagreining.</i>	<u>Janúar - Febrúar 2011.</u> <i>Kynning á niðurstöðum og SVÓT greining.</i>	<u>Ágúst 2011.</u>
Nemendur og starfsfólk -starfsandi og samstarf.	<u>Febrúar 2011</u> - <i>Könnun á samskiptum, samstarfi og starfsanda innan skólans.</i>	<u>Febrúar - Apríl 2011.</u> <i>Úrvinnsla kannanna og gagnagreining.</i>	<u>Mái - Júní 2011.</u> <i>Kynning á niðurstöðum og SVÓT greining.</i>	<u>Ágúst 2011.</u>